

## **59. sveitarstjórnarfundur , 15.04 2010, Végarði kl. 13.00**

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund og óskaði eftir að fresta 1. lið dagskrár og taka þess í stað á dagskrá málefni varðandi útboð byggingu Laugarfellsskála. Það var samþykkt.

### **Dagskrá**

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. 3ja ára fjárhagsáætlun 2011-2013, síðari umræða**
- 3. Samningur við Ferðamálastofu**
- 4. Yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga á svæði SSA**
  - a) Bréf fulltrúa minni sveitarfélaga dags. 08.04
  - b) Boðun aukaaðalfundar SSA 19. apríl.
- 5. Vegaframkvæmdir 2010**
- 6. Ljósleiðaraframkvæmdir**
- 7. Bréf**
  - a) Markaðsstofa Austurlands dags. 07.04
  - b) Þróunarfélag Austurlands dags. 31.03
  - c) Skipulagsstofnun dags. 23.02
  - d) Skipulagsstofnun dags. 01.03
  - e) Skipulagsstofnun dags. 16.03
  - f) Ríkisendurskoðun dags. 17.03
  - g) Samgöngu-og sveitarsjórnarráðuneytið dags. 19.03
  - h) Vegagerðin dags. 23.03
  - i) Félag íslenskra atvinnuflugmanna dags. 25.03
- 8. Fjarbeiðnir**
  - a) Hannes Daði Haraldsson
  - b) Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna
  - c) Félag eldri borgara Fljótshéraði
  - d) Félag áhugafólks um Heimafóðurverkefnið
  - e) Skáklið Hallormsstaðaskóla
  - f) Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju
  - g) Búnaðarfélag Fljótshrepps 06.04
- 9. Fundargerðir**
  - a) HAUST 10.03, meðfylgjandi er árskýrsla HAUST 2009
  - b) Skólaskrifstofa Austurlands 11.03
  - c) Landbótasjóður 03.03-07.03-22.03
  - d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 18.03
- 10. Önnur mál.**

**1. Útboð byggingar Laugarfellsskála.** Borist hefur athugasemd frá byggingarverktaka vegna lokaðs útboðs. Sveitarstjórn hefur í samráði við lögmann ákveðið að fella útboðsferilinn niður og verður þeim tilboðsgögnum sem borist hafa, skilað óopnuðum til bjóðenda og kostnaðaráætlun verkkaupa ekki birt. Ráðgert er að bjóða verkið út að nýju hið fyrsta.

*Hlé var gert á fundi sveitarstjórnar kl. 14 og verktökum sem mættir voru með tilboð í byggingu skálans gerð grein fyrir niðurstöðu sveitarstjórnar um að stöðva útboðsferil og bjóða verkið út aftur í almennu útboði.*

2. **3ja ára fjárhagsáætlun 2011-2013, síðari umræða.** Farið yfir fjárhagsáætlunina. Samþykkt samhljóða.
3. **Samningur við Ferðamálastofu.** Varðar fjárframlag til lagfæringa á göngustíg að Hengifossi. Samþykkt að fela oddvita að skrifa undir samninginn.
4. **Yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga á svæði SSA**
  - a. **Bréf fulltrúa minni sveitarfélaga dags. 08.04.** Kynning á niðurstöðu starfshóps.
  - b. **Boðun aukaaðalfundar SSA 19. apríl.** Aðalfundur SSA verður haldinn á Fáskrúðsfirði 19. apríl kl. 14.00. Fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum verður oddviti og til vara varaoddviti.
5. **Vegaframkvæmdir 2010.** Samþykkt að sækja um til Styrkvegasjóðs vegna Klausturselsvegar og slóðar í Laugarfell.

Erindi hefur borist frá Jónasi Hafþór Jónssyni vegna heimreiðar í Litlu-Grund. Samþykkt að óska eftir við Vegagerðina að heimreiðar í Litlu-Grund og Bessastaði verði teknar með öðrum vegframkvæmdum í sumar.

6. **Ljósleiðaraframkvæmdir.** Rætt um ljósleiðarlögn á þá bæi sveitarfélaginu sem eftir er að tengja. Frestað til næsta fundar að taka ákvörðun. Samþykkt að óska eftir að Sveinn Ingimarsson og Þorsteinn Pétursson komi á næsta fund sveitarstjórnar.
7. **Bréf**
  - a. Markaðsstofa Austurlands dags. 07.04. Tilnefning fulltrúa á aðalfund. Samþykkt að fulltrúi sveitarfélagsins verði Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir og til vara Ragna Fanney Jóhannsdóttir.
  - b. Þróunarfélag Austurlands dags. 31.03. Ósk um tilnefningu í vinnuhóp “til að laða nýfjórðingur til Austurlands”. Samþykkt að tilnefna Þorstein Pétursson og oddvita til vara.
  - c. Skipulagsstofnun dags. 23.02. Frestað
  - d. Skipulagsstofnun dags. 01.03. Frestað
  - e. Skipulagsstofnun dags. 16.03. Frestað
  - f. Ríkisendurskoðun dags. 17.03. Frestað
  - g. Samgöngu-og sveitarsjórnarráðuneytið dags. 19.03. Frestað
  - h. Vegagerðin dags. 23.03. Frestað.
  - i. Félag íslenskra atvinnuflugmanna dags. 25.03. Frestað

## 8. Fjárbeiðnir

- a. Hannes Daði Haraldsson. Varðar spurningakeppni grunnskóla í Reykjavík. Hafnað að veita fjárframlag.
- b. Félag íslenskra fíkniefnalögreglumanna. Hafnað.
- c. Félag eldri borgara Fljótsdalshéraði. Ósk um styrk vegna félagsstarfs eldri borgara. Samþykktur styrkur kr. 100.000-
- d. Félag áhugafólks um Heimaþóðurverkefnið. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 50.000-
- e. Skáklið Hallormsstaðaskóla. Samþykkt styrkur kr. 15.000-
- f. Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju. Samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum, áður en erindið verður afgreitt.
- g. Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps 06.04. Samþykkt að styrkja Búnaðarfélagið um kr. 2.100.000- til kaupa á nýjum plóg.

Öðrum liðum frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 16.30

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfadóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir

Anna Jóna Árnarsdóttir

Jóhann F. Þórhallsson